

Sveitarfélagið Árborg
Bæjarráð
Ráðhúsinu
Austurvegi 2
800 – Selfoss

Efni: Beiðni um samstarfssamning vegna enduruppbyggingar Vesturbúðarinnar á Eyrarbakka.

Hér með óskar Vesturbúðarfélagið, kt. 500620 0560, eftir að fá samstarfssaming við sveitarfélagið vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á Vesturbúðinni á Eyrarbakka. Meðfylgjandi eru drög að lóðarmörkun, en uppbygging Vesturbúðarinnar á að vera á grunni fyrri bygginga.


Meðfylgjandi er uppdráttur af umræddu svæði sem æskilegt er að lóðinn nái yfir. Á lóðinni er fyrirhugað að endurbyggja Vesturbúðina sem þar stóð en ekki verður hægt að hefja framkvæmdir fyrr en að loknum fornleifauppgreiftri sem þegar er hafinn og er unninn á vegum félagsins. Félagið hefur unnið að framgangi verkefnisins í nokkurn tíma í samstarfi við fjölda aðila. Það er nauðsynlegt varðandi næstu skref að vilji og stuðningur sveitarfélagsins við verkefnið sé skýr og að umrædd lóð Vesturbúðarinnar sé félaginu tryggð, þannig að hægt sé að halda áfram vinnu við verkefnið með markvissum hætti.

Stefnt er að því að í endurbyggðri Vesturbúð verði fjölbreytt starfssemi sem geri sögu og menningu svæðisins hátt undir höfði ásamt rekstri ferðaþjónustu. Lögð verður áhersla á tengingu við og gott samstarf við söfnin á Eyrarbakka. Endurbyggð Vesturbúð mun einnig styrkja mjög Vitaleiðina.

Vísað er í afgreiðslu 141. fundar bæjarráðs þann 5. apríl 2018 vegna erindis frá félaginu (þá óstofnuðu). Afgreiðsla bæjarráðs hljóðar svo: *“Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ræða við umsækjendur um afmörkun svæðis/lóðar.”*

Eyrarbakka 19. ágúst 2020

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Vesturbúðarfélagsins,



Guðmundur Ármann Pétursson

Meðfylgjandi;

- Uppdráttur að fyrirhugaðri lóð Vesturbúðarinnar
- Bréf félagsins til bæjarráðs, dags. 5 apríl 2018

